

Reykjavík 18.10.2019/JS

Til þeirra er málið varðar,

Hugmyndin er að skapa 11 gegnheilar viðar höggmyndir úr yfir 100 ára gömlum bryggjudrumbum frá Reykjavíkurborg af Íslenska karlalandsliðinu í fótbolta í fullri stærð og setja saman í eina heild. Reynt verður að líkja eftir öllum hetjunum okkar og hafa þá eins nákvæma eins og mögulegt er í stellingunni þegar að liðið tekur Víkingaklappið. Hér er sögu, menningu og íþróttum spinnnað saman í eitt form. Formaður og stjórn Knattspyrnusambands Íslands hefur list yfir áhuga sínum á verkefninu og telur að listaverkið "Vikingaklappið" muni vekja mikla athygli fyrir sköpun þess og fanga vel heimsfrægt augnablik í íþróttasögu þjóðarinnar. Áætlað er að setja "Vikingaklappið" upp fyrir utan aðalleikvanginn í Laugardal að sýningu lokinni með áletruðum skjöld um viðkomandi styrktaraðila. Kann það að draga þar að fjölmarga ferðamenn og einnig íbúa borgarinnar. Knattspyrnusamband Íslands getur vel mögulega komið að fjármögnun á slíku verki með öðrum áhugasömum aðilum.

Við ætlum að bjóða nokkrum fyrirtækjum að fjármagna kaup á höggmynd af leikmanni að eigin vali í útilistaverkinu "Vikingaklappinu" til að færa KSÍ að gjöf. Viðkomandi fyrirtæki fer á allt það kynningarefni í tengslum við Víkingaklappið þar sem stuðnings þess verður getið sem einn af styrktaraðilum vegna uppsetningar á útilistaverkinu. Einnig sem viðkomandi styrktaraðili getur komið með óskir til forráðamanna listaverksins um hvernig að nafn þeirra komi fram í sambandi við kynningarmál s.s. í texta, slagorðum, ljósmyndir af höggmyndum / listaverki á vörum hjá fyrirtæki.

Höggmyndirnar 11 eru hugsaðar sem sjálfstæðar settar saman í eina heild. Við höfum tekið ljósmyndir af 16 leikmönnum og höfum því val um 5 leikmenn til að setja í verkið.

Landsliðsmennirnir eru sem hér segir; Hólmur Örn Eyjólfsson, Ragnar Sigurðsson, Ari Freyr Skúlason, Hörður Magnússon, Samúel Kári Friðjónsson, Birkir Bjarnason, Kári Árnason, Aron Einar Malmquist Gunnarsson, Albert Guðmundsson, Jón Daði Böðvarsson, Frederik Schram, Hannes Þór Halldórsson, Ólafur Ingi Skúlason, Jóhann Berg Guðmundsson og Rúnar Alex Rúnarsson.

Það kemur einnig fastlega til greina að taka fleiri leikmenn í úrval s.s. Gylfa Þór Sigurðsson, Kolbein Sigþórsson, Emil Hallfreðsson, Viðar Örn Kjartansson o.flr.


Landsliðið færir inn í heimildamynd í fullri lengd sem að hefur verið kvikmynduð um nokkurra ára skeið þar sem að kafli um vinnuferlið vegna sköpun höggmyndanna væri að finna. Heimildamyndin hefur verið styrkt af Kvikmyndamiðstöð Íslands.

Verð á höggmynd af landsliðsmanni. ISK 1.000.000,-

Virðingarfyllst með vinsemd,

Jóhann Sigmarsson, Ksenija Zapadenceva Sigmarsson / sími; 6998035

HUGMYND AF LISTAVERKI AF ÍSLENSKA KARLALANDSLIÐINU Í FÓTBOLTA FYRIR KSÍ



Hugmyndin er að skapa 11 gegnheilar viðar höggmyndir úr yfir 100 ára gömlum bryggjudrumbum frá Reykjavíkurbíóhöfn af Íslenka karlalandsliðinu í fótbolta í fullri stærð og setja saman í eina heild. Reynt verður að líkja eftir öllum hetjunum okkar og hafa þá eins nákvæma eins og mögulegt er í stellingunni þegar að liðið tekur Víkingaklappið. Hér er sögu, menningu og íþróttum spinnað saman í eitt form. Formaður og stjórn Knattspyrnusambands Íslands hefur list yfir áhuga sínum á verkefninu og telur að listaverkið “Vikingaklappið” muni vekja mikla athygli fyrir sköpun þess og fanga vel heimsfrægt augnablik í íþróttasögu þjóðarinnar. Áætlað er að setja “Vikingaklappið” upp fyrir utan aðalleikvanginn í Laugardal að sýningu lokinni með áletruðum skjöld um viðkomandi styrkraraðila. Kann það að draga þar að fjölmarga ferðamenn og einnig íbúa borgarinnar. Knattspyrnusamband Íslands getur vel mögulega komið að fjármögnun á slíku verki með öðrum áhugasömum aðilum.

FRAMKVÆMD:

1. Fyrst eru teknar nákvæmar ljósmyndir af hverjum og einum í liðinu í heilan hring þar sem að hvert einasta smáatriði á viðkomandi landsliðsmanni gæti skilað sér. Stellingin væri þegar að liðið væri að taka vikingaklappið þar sem að það væri að horfa upp í stúku við góða stemningu áhorfenda. Hæðin og sverleikin yrði mældur á hverjum og einum til að fá sem raunverulegustu eftirmynd í höggmyndirnar. Þessar ljósmyndir yrðu notaðar við sköpun og gerð höggmyndanna.
2. Þurrkaðir drumbur úr Reykjavíkurbíóhöfn verða hefllaðir og límdir saman í einn klump þar til að rúmleg líkamsstærð hjá hverjum og einum landsliðsmanni verður náð.
3. Sérhver klumpur verður sagaður niður með keðjusög og fjölsög. Gerð verður nákvæm eftirmynd af viðkomandi landsliðsmanni eftir ljósmyndunum.
4. Sérhver höggmynd / landsliðsmaður verður pússaður og sett verða hver smáatriði til að líkja sem mest eftir viðkomandi landsliðsmanni.
Allur frágangur verður unnin í höndunum til að gefa lifandi áferð, einkenni og stíl listamannanna. Þær verða bornir olíu 5 sinnum til að ná góðri áferð. Höggmyndirnar verða skapaðar og smíðaðar á 8 - 10 mánuðum í UAB / STUDIJA VILNIUS í Litháen með listakonu, listamanni og teymi.

Höggmyndirnar 11 eru hugsaðar sem sjálfstæðar settar saman í eina heild. Við höfum tekið ljósmyndir af 16 leikmönnum og höfum því val um 5 leikmenn til að setja í verkið.

Landsliðsmennirnir eru sem hér segir; Hólmar Örn Eyjólfsson, Ragnar Sigurðsson, Ari Freyr Skúlason, Hörður Magnússon, Samúel Kári Friðjónsson, Birkir Bjarnason, Kári Árnason, Aron Einar Malmquist Gunnarsson, Albert Guðmundsson, Jón Daði Böðvarsson, Frederik Schram, Hannes Þór Halldórsson, Ólafur Ingi Skúlason, Jóhann Berg Guðmundsson og Rúnar Alex Rúnarsson.

Það kemur einnig fastlega til greina að taka fleiri leikmenn í úrval s.s. Gylfa Þór Sigurðsson, Kolbein Sigþórsson, Emil Hallfreðsson, Viðar Örn Kjartansson o.flr.

Þegar að verkefninu væri lokið færu höggmyndirnar til Reykjavíkur þar sem að þeim verður raðað upp sem einu heildarverki fyrir utan aðal leikvanginn í Laugardal í samvinnu við knattspyrnusamband Íslands með sérstakri viðhöfn. Við vígslu væri landsliðinu gerð góð skil m.a. yrði lögð áhersla á Víkingaklappið með tilheyrandi sérsömdum drumbuslætti / tónlistarþemu jafnvel með leikmönnum úr liðinu.

Landsliðið færi inn í heimildamynd í fullri lengd sem að hefur verið kvikmynduð um nokkurra ára skeið þar sem að kafli um vinnuferlið vegna sköpun höggmyndanna væri að finna. Heimildamyndin hefur verið styrkt af Kvikmyndamiðstöð Íslands.

Listamenn; Jóhann Sigmarsson & Ksenija Zapadenceva Sigmarsson / HEITI Á VERKI; VÍKINGAKLAPPIÐ.

BLS - 1 Höggmyndir af íslenka karlalandsliðinu í fótbolta úr yfir 100 ára drumbum frá Reykjavíkurbíóhöfn




Efri vinstri ljósmynd / Ksenija Zapadenceva Sigmarsson sagar endurnýtta drumba límða saman frá Reykjavíkurhöfn fyrir höggmynd. **Efri hægrri ljósmynd** / Ksenija Zapadenceva Sigmarsson límir ljósmyndir á spjöld af Aroni Einari Gunnarssyni landsliðsmanni fyrir undirbúning af höggmynd. **Neðri ljósmynd** / Höggmynd í vinnuferli af Ara Skúlassyni, landsliðsmanni. Höggmyndirnar eru skapaðar í UAB / Studija Vilnius, samstarfsaðila verkefnisins.

Í maí 2012 sá Jóhann Sigmarsson í sjónvarpsfréttum að Faxaflóahafnir sf, voru hreinsa á brott ónýta bryggjudrumba vegna breytinga í Reykjavíkurhöfn. Hann fékk drumbana um haustið 2012. Unnt er að nota gegnheilan viðinn til að handvinna ýmsa listgripi og nytjahluti sem bera fallegan svip. Með endurnýtingu þessara gömlu drumba er stuðlað að umhverfisvernd og auk þess lifnar saga þeirra. Árið 1903 voru þeir nýttir í síldarbryggju sem síðar varð hluti Reykjavíkurhafnar þegar hún kom til sögunnar 1913. Við nánari athugun kemur í ljós að viðurinn mun hafa komið úr þýsku seglskipi sem fórst um 1890 í Faxaflóa. Brakið var dregið til Reykjavíkur og kaupmenn notuðu það í bryggjur. Áhringir trjána gefa hins vegar til kynna að þau hafi staðið í 200 ár eða lengur þegar þau voru höggvin til skipasmíða. Saga viðarins eykur gildi þess sem unnið er úr honum. Verkin eru einstæð fyrir vikið. Rómverjar byggðu mikið úr svipuðum við og hann var t.d notaður í sökklá á húsum í Feneyjum sem staðið hafa yfir 6 aldir.


Jóhann hefur unnið með bryggjudrumbana síðastliðin ár og m.a. hannað og smíðað húsgögn sem hlotið hafa alþjóðleg verðlaun á **The World Interiors News Annual Awards 2013**, í **Saatchi Gallery** í London og **A'Design Award** í Mílanó, skapað höggmyndir og önnur listaverk á sýningum sem opnaðar hafa verið af borgarstjórum í London, Mílanó og Reykjavík, forseta Íslands og Japanska sendiherranum á Íslandi.

Drumbarnir eru hluti af verkefni sem fjallar um að velja sögufrægar minjar, rústir eða mannvirki um heim allan og fá heimild viðkomandi yfirvalda til að færa stöðunum nýja vídd með gerð nytjahluta eða listaverka sem tengjast staðnum þannig að heimssagan skín í sköpun gripana.

Verkefnið stendur fyrir mikilvægi umhverfis, réttlætis, frelsis og friðar.



Vinstri ljósmynd / Höggmynd í vinnuferli af Ara Skúlássyni landsliðsmanni sem liggur á maganum á meðan er verið að höggva út og laga til á honum höndina. **Hægri ljósmynd** / Höggmynd í vinnuferli af andlitinu að verða til. Höggmyndirnar eru skapaðar úr endurnýttum drumbum frá Reykjavíkurhöfn. Í áratugi var höfnin lífæð borgar og vorrar þjóðar.



Víkingaklappið fangar einhvern veginn þessa sterku tilfinningu og hvatningu sem tengir leikmenn og áhorfendur saman á áhrifaríkan hátt. Verkið er skapað úr endurnýttum bryggjudrumbum og er umhverfisvænt.

